

## DAGBÓKARSKÝRSLA 1934.

=====

Að þessu sinni verður dagbókarskýrsla míni eingöngu um Þórsmörk og ýmissar ráðstafanir í sambandi við girðinguna þar. Eins og kunnugt er, hafði girðingin á Krossáraurum eyðilagst viða af hlaupi í Hvanná seint á sumri 1933 (þegar mest urðu flóðin austanfjalls). Og um þær skemdir og ýmislegt, sem gera þyrfti með vorinu, átti ég símtal við Árna bónda í Múlakoti 6. janúar og aftur 21. febrúar.

Leið svo og beið þar til mánudaginn 7. maí, þá símaði ég til Árna í Múlakoti til þess að vita hversu til stæði með Þórsmörk, og hvort ekki mundi líða að því, að setja þyrfti upp girðingarspottana á Krossáraurum og loka girðingunni að sunnanverðu. Sagði Árni nýsnævi mikið í Þórmörk, og engin þörf óameðan ekki hlánaði og veðurátt breyttist ekki til stórra muna, að fara inn-eftir.

Föstudaginn 25. maí símaði svo Árni til míni. Höfðu peir Sæmundur hrest upp á girðinguna að sunnanverðu eftir því, sem peir gátu, rekið niður staðra á aurunum, en peir áætlubu að vantaði um tvær rúllur, til þess að hægt væri að loka girðinguunni á Krossáraurum, og þær bað Árni mig um að sjá til, að sendar yrðu sem fyrst. Tvær kindur sáu peir í Rananum, en inn fyrir Hvanná virtist ekki nokkur skepna hafa farið, enda mjög fátt kinda á Steinsholti.

Fór ég svo til skógræktarstjórans, og skýrði honum frá þessu. Kom okkur saman um að bezt mundi að senda 3 rúllur. Gat ég þess að ég væri að hugsa um að skreppa austur í Hlíð og jafnvel inn í Mörk til þess að sækja dálitið af birkiplöntum, ef skógræktarstjóri sæi ekkert því til fyrirstöðu. Kvað hann mér það heimilt og léði mér tjald til ferðarinnar, en ég tók að mér að sjá um vírinn.

Fimmtudaginn 31. maí símaði ég svo til Árna, og sagði honum að ég mundi koma daginn eftir með vírinn og ætlaði svo að verða þeim samferða inn á Mörk en bað hann að tryggja mér Jón í Fljótsdal til aðstoðar við plöntusöfnunina. Síðan tryggði ég mér bílfar hjá B.S.R., en gat þó ekki fengið ákveðið svar um hve langt ég kæmist inn eftir Hlíðinni, Daginn eftir, þegar ég haði fengið að vita um bílinn, símaði ég til Árna og bað hann að sækja mig og dót mitt út að Ormskoti. Gerði hann það. Hreptum við sunnan slagviðris-rigningu inn eftir Hlíðinni svo að ég kvefaðist og svaf illa um nóttina. Næsta dag (laugard. 2/6.) var ég svo um kyrt í Múlakoti, lá mest fyrir og hafði slæman hósta. Síðari hluta dags kom Soffía Túbals og sagði Árna, að hún hefði leyfi skógræktarstjóra til þess að taka upp 300 plöntur í Þórsmörk. Fór hún austur að Stóru-Mörk um kveldið, en sagðist koma til móts við okkur, daginn eftir, á leiðinni inn í Mörk.

Sunnudaginn 3. júní, árla morguns, héldum við Árni að Fljótsdal með burð á tveimur hestum, þar bættust þeir bræður við, Sæmundur og Jón. Var hvassviðri mikið á móti og versnaði mér svo brjóstþyngslin, að ég gat varla hangið á hestinum. Og á Fagraskógi varð ég að hvíla mig um stund og reyna að jafna mig. Þegar innfyrir Hvanná kom, sáum við áf nýjum hestaförum, að Soffía Túbals mundi hafa farið eitthvað inn eftir. Vildi ég vita af henni nærrí okkur, og sendi því Jón að leita hennar. Fann Jón Soffíu í Stórenda og var hún þar að taka upp plöntur og maður með henni. Kom Jón svo með þau hjúin fram ji Laugadal, þar slögum við tjoldum. Vildi ég þá sjá leyfi það sem Soffía hafði sagt Árna frá um plöntutökuna. En hún kvaðst hafa gleymt því heima í Reykjavík. Varð ég að láta még nægja betta, og leyfði henni að taka upp plönturnar þarna í Laugadal, því að þar áttum við Árni hægra með að fylgjast með upptöku plantanna. Strax og tjaldas var, lagðist ég fyrir og var svo þungt haldinn, að ég þorði ekki að vera einn. Sat Árni yfir mér, en þeir bræður Jón og Sæmundur fóru fyrir á Krossáraura og unnu við girðinguna fram á kveld. Um nóttina leið mér mjög illa, sakir hósta og brjóstþyngsla, og blundaði ekki fyrr en undir morgun.

Mánudagur 4.júní. Lá ég fram eftir degi, en var nokkuð skárri. Fóru þeir allir yfir á Krossáraura og luku við girðinguna, komu þeir yfir í Laugadal aflíðandi nóni. Þá var Soffía fyrir nokkuru farin. Síðari hluta dagsins og fram eftir kveldinu hjálpuðust þeir allir að því að taka upp plöntur í Húsadal og hékk ég þangað á hesti.

Þriðjudaginn 5.júní. Fóru þeir bræður inn í Tindfjallagil og settu þar niður girðingu þá, sem upp bar tekinn í fyrra haust. Fóru síðan með girðingunni fram í Hamraskóga, og styrktu ýmsa spotta í bergenú með þróngá; þar hafði á einum stað hlaupið fram grastorfa í fyrrahaust og rutt niður girðingaspotta, þetta gerðu þeir við, svo að sauðhélt þótti neðan frá að sækja. Lá fljótið undir hamrinum, svo að þar þurfti ekkert að gera. Um Svínatungur var ekkert fengizt að þessu sinni, því að auðséð var að enn mundi snjór í Rjúpnafellsgili og Mófellsgili, svo að enn yrði að bíða um stund, að taka girðingaspottunum þas. Á meðan þeir bræður vóru að gera við í Hamraskógum, tókum við Árni upp plöntur, og var svo búið um þær, er allir vóru komnir saman. Undir kveld tókum við okkur upp og héldum fram og riðum við Árni með girðingunni á Krossáraurum. Vær hún nú í góðu lagi og fullkomin vörn í henni. Tvær lambær sáum við í Réttarfelli, og við tvær kindur hafði orðið vart í Mörkinni. Slangur var af fé á Stakkholti og nokkurar nýbærur í Engjadal og Rana. Höfðu þær eflaust verið komnar inn í Húsadal eða Langadal, ef girðingu á Valahnjúk hefði ekki veitt viðnám. Má því gera ráð fyrir, að eins og girðingin er að framanverðu fari engin kind af sjálfsdáðun inn fyrir hana. En hitt ték Árni fram að nauðsynlegt mundi að hafa vörð einhvern tíma í vor í Mörkinni, eða um það leyti, sem Fjallamenn rækju á Almenninga, því að varlegt mundi at treysta, að þeir skildu ekki eftir fleira eða færra fé í Mörkinni. Héldum við svo fram fengum fljótið slæmt, komum að Fljótsdal, er fólk var að ganga til rekkju. Þó var ekki hægt að komast hjá því, að þiggja þar beina og komum við Árni ekki heim að Múlakoti fyrr en um óttu.

Miðvikudaginn 6.júní. Flutti Árni mig út að Teigi, bar komst ég í bíl og fór suður um kveldið, en sárlasinn og var nokkura daga við rúmið.

Föstudaginn 28.júní, símaði Árni í Múlakoti til minn, og segir mér að hann hafi reynt síðustu dagana að ná símtali við skógræktarstjóra, en ekki tekist. Það sem Árni hafði að segja var í stuttu máli þetta:

Hann hafði ásamt Sæmundi í Fljótsdal farið inn á Mörk 22. júní til þess að eftirlíta og fullgera það af norðurgirðingunni, sem enn hafði ekki verið hægt að ljúka við sakir snjóa. Sáu þeir að alveg nýlega mundi hafa verið rekinn fjárrekstur inn úr og var talsvert af geldfé inn Laugadal og Sleppugil, sem auðséð var að slept hafði verið þar með vilja. Gátu þeir Sæmundur, með aðstoð Jóns í Fljótsdal, er þarna var staddur að fylgja Englendingum, flæmt út um hliðið í Húsadal um 40 kindur, en margt var eftir. Síðar komust þeir að því að fjárreksturinn hafði ekki verið rekinn norður úr hlíðinni í Hamraskógum, heldur hafði girðingin verið losuð af staurunum og lögð niður, en tylt lauslega aftur.<sup>x)</sup> Þetta hafði Árni ætlað að tilkynna skógræktarstjóra og það mig nú að koma því á framfæri. Taldi Árni fulla þörf á vörzlu þar innfrá, hálfsmánabartíma eða svo, því að búast mætti við fleiri rekstrum. Þá skýrði og Árni frá, að lokið hefði þeir Sæmundur að gera við girðinguna að norðanverðu og höfðu verið all-miklar skemdir nálægt Mófellí.

Daginn eftir símaði ég svo heim til skógræktarstjóra en fékk það svar, að hann hefði fyrra fimtudag (21/6) farið vestur að Hjarðarholti, og ætlaði að leggja þaðan upp ríðandi áleiðss til Skagafjarðar. Póttist ég þá sjá öll tormeki á, að ná sambandi við hann í bráð, og ákvað því að snúa mér til stjórnarráðsins með mál þessi.

X) Nákvæma skýrslu um þetta færði ég skógræktarstjóra, er ég kom að austan.

Næsta dag (laugardaginn 30/6) fór ég svo í stjórnarráðið, en þá var hvorugur til staðar: atvinnumálaráðherra eða skrifstofustjóri, svo var mér sagt að atvinnumálaráðherra mundi í þann veginn að fara austur að Markarfljóti, því að nýja brúin ætti að vígjast daginn eftir, mundi ég því ekki ná fundi hans fyrr en einhverntíma eftir helgi. Þegar svo var komið símaði ég til Árna tjáði honum vandræði míni, og bað hann ásamt Sigurbóri oddvita í Kollabæ, að reyna að ná fundi atvinnumálgráðherra við brúarvígluna, og skýra honum sem ljósast frá öllum málavöxtum, en ég mundi svo tala við ráðherra, er hann kæmi suður.

Mánudag og þriðjudag fór ég svo í stjórnarráðið, og sat þar báða dagana allan viðtalstíma ráðherrans, en hann kom ekki. Við Vigfús skrifstofustjóra Einarsson talaði ég lítilsháttar, en hann þóttist ekkert geta gert.

Miðvikudaginn 4. júlí náiði ég svo loksins fundi Þorsteins Briems atvinnumálaráðherra, Höfðu þeir Árni og Sigurbór ekkert gefið sig á tal við hann brúarvígludaginn, svo að ég varð að skýra fyrir honum málid frá rótum. Félst ráðherra á að nauðsyn mundi á vörzlu í Þórmörk einhverntíma, en lét þess hinsvegar getið, að kaup slíkra manna, ef fengnir yrðu færi ekki fram úr 8 krónum á dag. Vildi hann láta smala Þórmörk þá þegar, og kæra þá til sektar, sem skilið hefði féð eftir.

Skýrði ég fyrir ráðherra nánar, að ég ætlaði vörzlumönnum að grisja skógin, og leggja hrísið með uppblástursbörðum og í sauðgeira. Taldi ég líklegt að komast mætti með 2-300 krónur í þessu skýni, og kvæðst ráðherra samþykkur að veita þá upp-hæð, en mæltist þó til, að ég reyndi að ná sambandi við skógræktarstjóra og gera honum kunna alla málavexti og fá álit hans og tillögur um málid. Reyndi ég að komast í símasamband við skógræktarstjóra, en tókst ekki. - Um kveldið símaði ég svo til Árna í Múlakoti. Kvað hann fulla þörf vörzlunnar, því að búast mætti nú við að Fjallamenn ræki þá og þegar. Var mū úr vöndu að ráða fyrir mér, en þar sem ég þóttist af öllu skilja, að varzlan mundi óumflýjanleg, réðst svo milli okkar Árna að hann fengi Sæmund í Fljótsdal með sér á meðan ég gæti ekki komið, og að þeir færu inn eftir sem fyrst. Sagði.

ég Árna frá kaupi því - 8 krónur -, sem ráðherra vildi greiða, og félst hann á það. Sagði ég Árna að ég mundi koma svo fljótt sem ég gæti og vonaðist til, að það mundi ekki dragast nema fram yfir helgina.

Næstu daga reyndi ég svo að halda spurnum fyrir um ferðir skógræktarstjóra, en tókst aldrei að ná sambandi við hann. En ég vildi ekki fara austur, án þess að tala við hann, enda hafði ráðherra óskar þess eins og fyrr getur.

Leið svo fram á miðvikudag 11. júlí. Þá símaði ég enn að Múlakoti og var Árni þá heima. Sagði hann mér þá, að þeir Sæmundur hefðu farið inn í Þórmörk föstudaginn 6/7 en komið fram á manudagsveld 9/7. Tvent olli því, að þeir voru ekki lengur: í fyrsta lagi áttu þeir fastlega von á mér, og í öðru lagi væri svo mikil flug í Steinsholtsá og Krossá, að engin tök voru að reka fé inn yfir þær nema að í þeim minkaði. Skýrði ég Árna frá, að öll tormerkí mundu á, að ég gæti komið í bráð, og kvaðst hann þá mundi bregða sér til Reykjavíkur daginn eftir. Kom okkur þá saman um, að Árni færi þegar inn að Fljótsdal og fengi Sæmund til þess að skreppa yfir að Stóru-Mörk, og biðja Merkurbændur að gera aðvart um það að Fljótsdal ef Fjallamenn skyldu reka inn eftir.

Fimtudaginn 12. júlí. kom svo Árni í Múlakoti suður og fann mig strax. Sagðist hann hafa skroppið inn að Fljótsdal daginn áður, og Sæmundur brugðið við og farið fram að Stóru-Mörk. Þá sagði og Árni mér, að mundu eflaust hafa verið riflega 100 fjár, sem skilið hafði verið eftir í Mörkinni. Höfðu þeir Sæmundur rekið saman í Húsadal um 20-30 kindur, en ekkert ráðið við að koma því út úr girðingunni. Grisjað höfðu þeir í Laugadal og stungið hrísinu í rof og sauðgára. En vegna þess að hvoritveggja klippurnar, sem legið hafa við í Snorraríki (en það eru stærstu klippurnar) eru bilaðar, sóttist þeim grisjunum seinna en ella. Bað Árni mig því að hafa með mér klippur er ég kæmi.

UM þessar mundir frétti ég að skógræktarstjóri mundi lagður af stað úr Skagafirði á leiðis suður Kjalveg, og var því ekki um annað að gera en bíða þess að ná mætti tali af honum einhversstaðar sunnan fjalla.

Árni í Múlakoti tafði fram yfir helgi og fann mig daga-  
lega. Lofaði hann mér að fara með mér er ég kæmi og vera með  
mér nokkura daga á Mörkinni, en lét þess þó jafnframt getið,  
að þar sem sláttur væri nú byrjaður, yrði sú för og dvölin á  
Mörkinni að fara eftir því, hvernig stæði á þurk og hirðingu.  
Einnig þótti honum, svona á miðjum túnaslættinum, 8 kr. kaupið  
of lágt, og komum við okkur þá saman um lo kr. á dag á meðan  
á vörzlunni stæði.

Priðjudaginn 17. júlí fór svo Árni austur, og þennan sama  
dag náði ég sambandi við skógræktarstjóra, var hann þá staddur  
í þingvöllum og kvaðst koma suður um kveldið.

Daginn eftir (18/7) fór ég svo heim til skógræktarstjóra  
og sagði honum frá öllum málavöxtum og undirtektum ráðherra.  
Kom okkur saman um að taka upp vörzlu í Þórsmörk. Síðan fór  
ég á fund ráðherra og skýrði honum frá álti skógræktarstjóra.  
Óskaði ráðherra eftir skriflegri umsókn skógræktarstjóra í  
þessu skyni. Fór ég þá aftur á fund skógræktarstjóra og tjáði  
honum svör ráðherra og kom okkur saman um að sækja um kr. 250.-.

Fimtudaginn 19. júlí, varð ég svo skógræktarstjóra sam-  
ferða í stjórnarráðið og beið þar unz ég fékk afgreiðslu. Atti  
ég enn tal við ráðherra, og var álit hans bið sama og áður: að  
smala Mörkina, og kæra þá til sekta, sem skilið höfðu féh eftir  
og tekið niður gírðinguna. Bjó ég mig svo til ferða, týndi  
saman dót, tjald o.fl. og kom sömu því á afgreiðslu B.S.R.

#### Þórsmerkurför.

Föstudagur 20. júlí. Símaði ég til Árna í Múlakoti og bað  
hann að sækja mig út að þverá, lagði svo af stað með B.S.R. -  
þegar dótið var tekið úr bílnum við þverá, vantaði mig poka,  
sem ég hafði komið á afgreiðsluna kveldinu áður. Sagði bíl-  
stjórinн að hann mundi um morguninn hafa lent í öðrum bíl, og  
mundi bezt að spyrja um hann í kaupfélagshúsini hjá Stórólfs-  
hvöli. En annars hefði pokinn kannske verið láttinn í mis-  
gripum fyrir annan í geymsluskúr stöðvarinnar hjá Þjótanda.  
Símaði ég svo frá Múlakoti út í kaupfélag, en ekki var pokinn  
þar.

Þegar við Árni fórum að ræða um Merkurförlina, kvaðst hann ekki eiga heimangengt, sem stæði. Átti hann mikið af töðunni undir, en fátt manna að hirða um hana, hafði hann pennan dag fengið mann til að slá með slátturvél, svo að um kveldið var meiri hluti heimatúnsins í ljá. Auk þess þurfti hann að koma þaki yfir fjáshlöðuna, sem ofan hafði verið tekið. Ekki höfðu Fjallamenn rekið enn, og mundu ekki gera næstu daga, því að sinna yrðu þeir töðum sínum eins og aðrir. En strax og tún hirtust mátti gera ráð fyrir að þeir hugsuðu sér til breytings. Þegar ég mintist á við Árna, að fá menn f Hlíðinni til þess að smala Þórsmörk, gerði hann ráð fyrir að það mundi verða svo kostnabasamt, að spurning væri hvort að ráðast ætti í það að þessu sinni. Hinsvegar létt hann þess getið, að Stóru-Merkurbændur mundu sennilega smala bréðum og reka inn á Almenninga, og mundi eflaust ódýrara að komast að samningum við þá um smölun í Þórsmörk.

Laugardagur 21. júlí. Um kyrt í Múlakoti. Símaði ég að þjótanda og frétti að pokinn hefði verið þar, en hefði verið tekin af bíl, sem væri á leiðinni inn að Þverá, nálgadist ég hann svo um kveldið. Komu smiðir tveir að reisa hlöðuna, góður burkur og þornaði taða. Ferðamenn, sem fóru inn í Mörk, urðu að snúa aftur við Krossá, hún var ófær.

Sunnudagur 22. júlí. Góður burkur og verið í heyi, lokið við að setja þakið á fjóshlöðuna.

Mánudag og þriðjudag var ég enn um kyrt í Múlakoti, þurkflæsa báða dagana.

Miðvikudagur 25. júlí. Þurrviðri og aðgerðalaust. Riðum við Árni austur að Stóru-Mörk, mikið f fljótinu og slarksamt fyrir okkur. Hittum við Sæmund bóna, og ræddum lengi við hann. Sagði hann okkur að rekstur sá, sem áður er munst á, og skilið var eftir af í Þórsmörk, hefði verið frá svonefndum Myrabæjum í Holtahverfi undir Útfjóllum. Fleiri rekstrar hefðu ekki farið inn úr, en heyrt hefði hann að við borð lægi, að reka ætti enn, og hefði sennilega dregið af ótta við, að vörzlumenn mundu í Mörkinni. Þá létt Sæmundur þess getið, að vegna þess, að svo fátt hefði verið rekið til afréttar, hefði engjar og hagar í Stóru-Mörk fylzt af flökkufé framan af bæjum, svo að

til vandræða horfði, og því óhjákvæmilegt fyrir Stóru-Merkur bændur að láta smala svo fljótt, sem því yrði við komið töðunnar vegna, og reka inn á Almenninga. Nefndi ég þá við Sæmund, hvort ekki mundi hægt að fá menn þá, sem ræki á Almenninga til þess að smala Mörkina með okkur Árna. Tók Sæmundur því vel og gerði þess kost að útvega þrjá menn gegn því, að hver þeirra fengi 15 krónur, og gekk ég fúslega að því. Til baka riðum við Árni niður á Markarfljótsbrú, og skoðaði ég hana og varnargarðinn upp í Dímon, er hvortveggja mikið mannvirki.

Það sem eftir var vikunnar var ég svo um kyrt í Múlakoti, var þurkur á hverjum degi og meira og minna hirt alla dagana.

Á laugardagskveldið komu þeir að Múlakoti, Hákon Bjarnason skógræðingur og Einar sonur minn. Var Hákon í jarðvegsrannsóknum, og vildi nú slást í förina inn í Mörk.

Sunnudaginn 29. júlí var enn ágætis þurkur og þá alhirt túnið í Múlakoti. Var nú ekki lengur neitt því til fyrirstöðu, að hafist gæti varzla okkar Árna í Þórsmörk.

Mánudagur 30. júlí. Lögðum við Árni af stað inn í Mörk með léttинг á tveimur hestum, og urðu þeir okkur samferða Hákon og Einar. Komum við að Fljótsdal og sáum þaðan, að Stóru-Merkurmenn voru að smala og mundu svo reka inneftir samstundis. Húsfreyjan í Fljótsdal mæltist til þess við mig, að ég athugaði fræplönturnar í girðingunni upp í brúninni ofan við túnið, en af því að við vildum ekki tefja í þetta sinn, hét ég að gera það síðar, er betur stæði á. Héldum við svo inn úr, fengum fljótið sæmilegt, þá að all-mikið væri í því. Krossá lá illa og talsvert vatn í henni. Slögum við tjoldum í Langadal og bjuggumst þar um. Undir miðnætti komu smalarnir til okkar og höfðu þeir þá rekju reksturinn á þriðja hundrað fjár inn yfir þróngá. Þeir voru firum, en þrír urðu eftir til þess að hjálpa okkur næsta dag.

Priðjudagur 31. júlí. Vórum við árla á fótum og riðum inn úr. Kom okkur Árna saman um að fara ekki lengra en að Búðarhamri, og láta nægja að smala þaðan og fram Mörkina. Í Langadal komu þeir til liðs við okkur Hákon og Einar, og veitti ekki

af, því að þegar fénu er snúið við í Húsdal og rekið norður Hamraskóga, þarf að hafa sig allan við, að missa það ekki inn úr. Tókst okkur að flæma út úr girðingunni um stórt hundrað kinda og rákum hópið norður á Kápu. – Þegar leið að miðjum aftni fór að rigna og héldum við svo kyrru fyrir í tjöldunum, en smalarnir héldu heimleidiðis. Var ég ánægður með smölunina, því að ekki vissum við nema um 8 kindur, sem orðið höfðu eftir eða sloppið á svæði því, sem smalað var. Hinsvegar sáum við talsvert slangur af fé um Bása og Goðaland og nokkurar kindur í Réttarfelli. En um það gátum við ekkert skeytt, enda ekki svo margt, að neinu tjóni mundi valda, þó að það gengi um þessar slóðir til hausts. Hitt er meira um vert, hversu vel tókst til um smölun sjálfrar Merkurinnar.

Miðvikudagur 1. ágúst. Gerði Hákon Bjarnason nokkurar athuganir um morguninn, en síðan bjuggust þeir Einar til ferðar, hafði Hákon ákveðið, áður en hann fór inn úr, að komast til Reykjavíkur þá um kveldið, en skilja hestana eftir í Múlakoti á meðan, því að austur í Skaftafellssýslu ætluðu þeir upp úr næstu helgi. Fylgdi Árni þeim fram yfir Fljót, en ég beið i Langadal á meðan.

Síðari hluta dagsins athuguðum við Árni girðinguna ofan af Valahnjúk og niður í Húsdal. Styrktum við sig á nokkurum stöðum og í gilinu skamt frá Össu í Húsdal, var skarð lítið í undirhleðslunni og auðséð að kindur höfðu troðizt par í gegnum. Við það gerðum við svo, að dugar a.m.k. í summar. Annars eru mörg sígin örðin athugaverð, einkum par sem um einfaldan virð er að ræða, því að hann er víða ryðbrunninn að verða, og brekkur í sundur ef á hann er reynt. Nú mátti t.d. sjá þess glögg merki, að fé hafði mjög sótt að komast inn í girðinguna, enda var uppuríð utan við girðinguna og rönd með henni að innan, eins og kindurnar höfðu getað teygt sig í gegnum möskva netsius. En þegar kindur troða sér þannig, geta þær hæglega fest sig í möskvunum og þarf þá ekki mikil áatak til þess að sigvírinn, einfaldar og ryðbrunninn hrökkvi í sundur. Sé ég þess nokkur merki. að svo hefir farið í summar, enda hafði óvenju margt fé safnáztr þarna saman, sem ætlað hefir sér lengra inn í Mörkina, en ekki komið vegna girðingarinnar. Má af þessu sjá, hvílkt viðnám girðingin

veitir, ef girðingin er í lagi. Þess vegna er nauðsynlegt næsta vor að athuga sigin, og endurnýja þau, sem þykja varasöm.

Fimtudagur 2. ágúst. Fórum við Árni yfir á Krossáraura til þess að athuga um girðinguna þar, því að okkur var ekki grunlaust um, að hún mundi einhverstaðar biluð, eins og fjárrenslið þeim megin virtist benda til. Vóru þar á aurunum nokkurar kindur og tókst okkur að flæma fram úr hliðinu lo kindur. Við Hvanná, þar sem girðingin liggur yfir hana, vóru smá bilanir, vegna þess að áin breytir sér, þarf því að hafa eftirlit með þessu öðru hvoru. Lagfærðum við þetta og fórum síðan með allri girðingunni.. Skamt þar frá sem elztu girðingunni lýkur í Réttarfallsrananum, liggur hún utan í sauðhrygg, en rétt utan við girðinguna er stór klettur, flatur að ofan. Spark var nokkurt á klettinum, og mátti sjá þess merki, að kindur höfðu stokkið af klettinum yfir girðinguna og fótað sig utan í sauðhryggnum. Enginn hafði tekið eftir því fyrr, að neitt væri athugavert við klett pennan, enda hefði girðingin aldrei verið í fullu lagi að sunnanverðu, og fé því runnið allra sinna ferða inn úr Hvannárgili, og jafnvel víðar. En er lokað hafði verið í vor, hafa svo kindurnar uppgötvað klettinn og notfært sér hann. Hækkuðum við svo girðinguna þarna með tveim gaddavírastrengjum, og verður nú ekki stokkið yfir hana af klettinum. Insta girðingarspottan við Merkurtungnarana, hafði nyðri Hvannárkvíslin laskað svo lítið, og lagfærðum við það. Þar með höfðum við gengið úr skugga um, að öll girðingin að sunnanverðu var sauðheld.

Síðari hluta dagsins fórum við svo norður í Hamraskóga, því að ég vildi sjá stað þann, sem girðingin hafði verið lögð niður og rekið yfir hana. Þegar við komum niður í Hamraskóga mættum við kondum nokkurum á rensli, og var svo að sjá, sem þær væri nýskopnar inn í girðinguna, og m.a. sýndist okkur ekki betur, en að sunar þeirra væri blautar, eins og þær væri nýkomnar upp úr þróngá. Fórum við svo með girðingunni frá hliðinu og alla leið inn í Tindafjallagil, og var hún alstaðar held og í góðu lagi. Snerum við þá til baka, og athuguðum girðinguna vestan við hliðið, var hún einnig í ágætu lagi þar niður að þróngá. En á lágberginu þar fyrir vestan, höfðu kindur

komizt upp og ofan, en lokað með girðingarspottum, svo að ekki varð upp komizt. Nú var einn þessi girðingarspotti fallinn niður, og sýndist helzt, að kindur sem ruðzt hefðu ofan frá, hefði gert það, og hefir það þá sennilegast gerzt í smalamennskunni, þó að enginn tæki eftir því. En nýleg fór lágu barna upp, svo að þaðan munu þær hafa komið kindur þær, sem við mættum og ábur eru nefndar. Gerðum við svo við bennan spotta, og er ófært hverri kind upp að sækja, eins og stendur. Á tveim stöðum öðrum styrktum við hetur, þó að við gætum ekki séð, að þar hefði nein kind upp komizt.

Af bessu, sem nú hefir verið sagt, er auðsætt, að þótt girðingin hafi verið gerð sauðheld að vorinu, þá er óumflýjanlegt, að athuga hana öðru hvoru fram eftir sunrinu. Einkum á þetta þó við að framanverðu. Er hovrt tveggja, að þar reynir mest á girðinguna, og að loka verður henni svo snemma, að t.d. Hvanná á þá eftir að vaxa og getur breytt sér síðar og grafið undan girðingunni, svo að begar áin minkar aftur, geta kindur komizt undir vírinn. Auk þessa þarf svo að koma því lagi á, að hliðin séu aldrei skilin eftir opin. Í sumar lá fljótib svo, að aldrei var það riðið undan Húsadal, og því aldrei farið um hliðið þar. En það frétti ég í Stóru-Mörk síðar, að eitt sinn áður en við Árni fórum inneftir hefði Brynjólfur Úlfarsson frá Fljótsdal (hann býr í Stóru-Mörk) komið að hliðinu við Hvanná opnu, er hann fylgdi mönnum inn í Mörk. Hafði hann mætt strákum nokkurum úr Úthlíðinni framan við Jökulsá, sem að innan komu, og ég sennilegt að þeir hafi skilið eftir opið. Sá Brynjólfur nokkurar kindur skamt fyrir innan hliðið, og þótti trúlegt að þær væri nýkomnar inn fyrir. Þetta var í eina skiftið, sem ég komst að því að hliðið hafiverið skilið eftir opið, og hélt ég þó jafnan spurnum fyrir um það á meðan ég dvaldi í Hlíðinni. Verður því nauðsynlegt framvegis að fela áreidanlegum manni eftirlit með girðingunni, bæði til þess að athuga bilanir sem kunna að verða og gæta þess að hliðunum verði lokað.

Föstudagur 3.ágúst. Fórum við dálítib um Mörkina til þess að athuga um fræplöntur. Og er skemst frá að segja, að af þeim er sá fjöldi, að ég tel sjálfsgagt, að á næsta vori verði að því

horfið, að sækja þangað nokkur þúsund og hafa til sölu hér í Héyljavík. Er auðvelt að safna bæði nægra og góðra plantna, og mun það margsinnis svara kostnaði. Þennan dag grisjuðum við einnig og dreyfðum brisinu með uppblásturs börðum.

Laugardagur 4.ágúst. Tókum við okkur upp úr Langadal og fórum fram. Varð okkur tafsamt við fljótið, enda var afar mikil í því, og hefi ég að ég held, aldrei séð það jafn ófýnilegt. Auk þess lá það afar illa, og varð Árni að snúa tvisvar sinnum frá því, er við höfðum svamlað yfir nokkura ála, og austur yfir. Undan miðju Langanesi fann svo Árni brot á fljótinu, en mjög var það vandfarið. Reyndi ég þá, sem fyrri, hve Árni er athugull og gætinn vatnamaður. Hitt má ég einnig róma, hversu Örn minn var öruggur, er mest reyndi. Hefi ég sjaldan fundið betur, hvers virði það er, að hafa jafngætinn vatnamann til fylgdar og traustan hest, eins og í þetta sinn. - Síðan héldum við heint út aura, og komum hvergi fyrr en við náðum heim að Múlakoti.

Sunnudagur 5.ágúst. Um kyrt í Múlakoti. Reyndi ég að síma heim til míni, en síminn svaraði ekki, því að enginn var h heima. Sendi ég þá Einar syni mínum skeyti, að hann hringdi mig upp áður en hann færi úr bænum. Fékk ég orð frá Bárkastöðum um að koma þangað og grisja í trjágarðinum. Hét ég því, er ég færi inn að Fljótsdal.

Mánudagur 6.ágúst. Um kyrt í Múlakoti. Hringdi Einar til míni, og sagði mér að þeir Hákon kæmu daginn eftir.

Þriðjudagur 7.ágúst. Síðari hluta dagsins fórum við Árni út að lverá með hesta á móti þeim Hákonni.

Miðvikudagur 8. ágúst. Fór ég inn að Fljótsdal, og beir með mér Hákon og Einar. Athugaði ég nú fræplönturnar í girðinguð vestan við bæjargilið. Í fyrra var höfðu smátoriur verið ristar á víð og dreif um girðinguna, og birkifræi sáð í flögin. Höfðu flögin mátt vera stærri um sig, því að þarna er mikill græsvöxtur, sem legst að mestu yfir munstu ~~xxjá~~ og mjóstu flögin. Þó mátti í öllum flögunum sjá mesta sauð af smáplöntum, og í sumum þeirra, þar sem grasið var minna, voru plönturnar vel proskaðar eftir aldri. - En aud þess er um girðinguna all-mikið

af sjálfsánum birkiplöntum, og margar þeirra þroskavænlegar. Eru í bæjargilinu gamlar birkihríslur, og frá þeim hefir borizt fræ um girðinguna. En grasið er víða svo hátt og pétt að birkifræið nær ekki að skjóta frjóöngum, og því festa þær aðeins rætur, þar sem sneggjan er mest. Verður því nauðsynlegt að rista þarna torfur og sá í flöggin, og á þann hátt hjálpa náttúrunni að þarna geti vaxið samfeldur skógur. En sá nýgræðingur, sem þarna hefir skotið upp kollinum, bendir til bess, að svo muni verða, ef rétt er að farið. - Að húsa-baki er dálítill trjáreitur, og í honum nokkur birki- og reynitré, ung og þroskavænleg eftir aldri, en helzt til pétt voru þau, og skárum við all- margar greinar á burt.

Svo fórum við að Barkarstöðum og grisjuðum þar í garðinum. Upphaflega voru þlönturnar í garði þessum settar altop gisið niður, og stóð þeim það lengi fyrir þrifum. Á seinni árum hafa svo trén vaxið mikil og bézt svo, að nú var orðið of þróngt um þau. Nokkurar hríslur feldum við alveg, en léturnum viðast nægja að klippa af greinar. Að Múlakoti fórum við svo um kveldið og vorum þar nóttina.

Fimtudagur 9. ágúst. Lögðu þeir upp Hákon og Einar áleiðis austur í Skaftafellssýslu. Hafði ég stundum verið að húgsa um að skreppa austur undir Útfjöllin og grenslast frekar eftir um rekstur framm, sem þaðan hafði ~~xxxix~~ verið rekinn, og oft er minnst á hér að framan. Notaði ég því tækifærið og slóst í förina með þeim Hákon. Fórum við að Stóru-Mörk og þaðan inn að Nauthúsagili til þess að skoða hrísluna frægu. Er hún enn sem fyrri tilkomumikil að sjá. Og margar fallegar og hávaxnar hríslur hafa fótað sig á syllum og stöllum í gilinu, enda er þarna mikil um breytt, hvað aukinn trjágróður snertir, frá því að ég kom þarna fyrst sumarið 1910. Eflaust mundi á skömmum tíma fyllast skógi beggja megin við gilið, ef að girt yrði. Er gilið að mörgu leyti merkilegt og tilkomumikil og hægt að ríða og stikla langt inn eftir því, en inst í því er hár foss og fagur. Fyrir mitt leyti, finst mér gil þetta, að mörgu leyti jafnast fyllilega við Stakkholtskjá, er ferðamönnum, sem fylgt er í Þórsmörk, finst svo mikil til um.

Gæti þarna orðið mjög eftirsóttur og tilvalinn skemtistaður, er breiðar skógarræmur klæddu brekkurnar sinn hvoru megin gilsins, og komin væri göngubrú yfir gilið, nálægt gömlu hríslunni,

Frá Stóru-Mörk héldum við svo austur með fjöllum og að Hvammi. Þar tókum við gistingu að Sigurjóni bónda, en hann er einn þeirra bænda, sem upprekstur á í Almenningum. Enga kind rak hann þó þangað í vor, og átti þess þó kost, er nágrannar hans frammi á Mýrabæjunum ráku. Þegar ég inti hann eftir því, hvort oftar mundi rekið í sumar, taldi hann það af og frá, að nokkur hefði hug á því úr þessu. Hinsvegar skýrði hann mér frá að þegar hljóðbært hefði orðið, hvernig strákar þvir, sem inn eftir ráku, skildu við reksturinn, hefði húsbændur þeirra kunnad þeim litlar bakkir fyrir, einkum þó að taka niður girðinguna, enda mundu þeir hafa frétt síðar, að kæra ætti yfir þessu, og byggjust því við málavafstri út af því. Þótti mér vænt um að heyra þetta, því að auðsætt var, að Fjallamenn, sumir hverjir, hefði hita í haldi út af framferði sínu í Þórmörk, og mundu sennilega gæta sín betur næst. Enda lét ég Sigurjón fyllilega skilja, að máli þessu mundi haldið til ~~þingvallagfifíkk~~ laga, og eftirleiðis haft auga með framferði Fjallamanna, er þeir ræki á Almenninga.

Næsta morgun, föstudaginn 10. ágúst, skildu svo leiðir. Héldu þeir Hákon austur á böginn, en ég sneri til baka, eins míns liðs og hélt að Múlakoti.

Sá ég nú að fór minni gæti verið lokið og mér ekkert að vanbúnaði að hverfa heim. Hafði ég verið að heiman síðan 20. júlí, eða 22 daga.

En þegar Árni varð þess áskynja, að ég væri að hugsa til heimferðar, mæltist hann til þess, að ég yrði hjá sér nokkura daga við ýmiskonar skriftir, svo sem að ganga frá símareikningunum og ýmislegt fleira. Og þar sem ég vissi ekki til, að neitt sérstakt væri að gera, er heim kæmi, varð ég við beiðni Árna og dvaldi í Múlakoti enn um stund.

Miðvikudaginn 22. ágúst. fór ég svo frá Múlakoti, og fylgdi Árni mér út að þverá. Komst ég þar í bíl frá B. S. R. og náði heim til míni um kveldið.

Lýkur þar með dagbókarskýrslu þessari.

Reykjavík 20. febrúar 1935.

Einar E. Sæmundsen.